



FUNDARGERÐ
26. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 24. júní 2024
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2024 - 2402043

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-maí 2024.

2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum. Fram kom hjá skólastjórunum að búið er að ganga frá mannráðningum í skólunum að mestu leyti fyrir næsta skólaár. Gert er ráð fyrir að samtals verði fjöldi nemenda í grunnskólum Odda bs. um 270 sem er um 7-8% fjölgun á milli skólaára.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

3. Ósk um aukið stöðugildi - 2405026

Lögð fram beiðni frá Grunnskólanum á Hellu um 70% aukið stöðugildi stuðningsfulltrúa skólárið 2024-2025 vegna aukins stuðnings vegna nemenda.

Stjórn Odda bs. samþykkir beiðnina til áramóta 2024 og vísar málinu til viðauka við fjárhagsáætlun 2024.

4. Upplýsingar til sveitarfélaga frá fræðsluyfirvöldum í Grindavík - 2311043

Lögð fram beiðni frá Grindavíkurbæ varðandi uppgör vegna grunnskólabarna úr Grindavík skólaárið 2023-2024.

Stjórn Odda bs. samþykkir beiðni Grindavíkurbæjar að falla frá greiðslupátttöku vegna tveggja barna sem voru í skólum Odda.

Samþykkt samhljóða.

5. Endurmenntunarsjóður grunnskóla - úthlutun 2024 - 2405006

Lagt fram til kynningar.

6. Þróun leikskólastarfs - 2403081

Fundargerð starfshóps frá 30. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

7. Niðurstöður innra mats. Leikskólinn Laugalandi - 2405044

Lagt fram til kynningar.

8. Samantekt úr foreldrakönnun Heklukots - 2405049

Lagt fram til kynningar.

9. Árskýrsla skóláþjónustunnar 2023 - 2406035

Lagt fram til kynningar.


Stjórn ákveður að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði mánudaginn 19. ágúst nk. kl. 8:15.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:35.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson



